



Fundargerð formannafundar þann 13.nóvember 2023, haldinn í Háskólastrinu kl. 20.00

Mættir voru Guðfinna, Þórir Guðmundsson, Marinó Hákonarson, Sigmundur Fríðar Þórðarson, Valur Richter, Tinna Hrund Hlynssdóttir, Shiran Þórisson, Jón Hálfán Pétursson, Elena Dís Víðisdóttir, Magnús Þór Bjarnason, Anton Helgi Guðjónsson, Hjörðís Þráinsdóttir, Ingibjörg Elín Magnúsdóttir, Hafdís Gunnarsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Dagný Finnbjörnsdóttir framkvæmdastjóri HSV.

1. Endurnýjun á samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar

Anton Helgi Guðjónsson formaður HSV er yfir stöðuna, núverandi samningur rennur út um áramót og hefur stjórn HSV ásamt framkvæmdastjóra HSV og Ísafjarðarbæ unnið að því að vinna drög að nýjum samningi, tillaga frá Ísafjarðarbæ var sú að taka starfsmenn HSV til sín. Með því breytist samningurinn að því leiti að ekki verður enn þá rekstrarstyrkur eða styrkur til reksturs íþróttaskóla í samningi heldur er gert ráð fyrir því að starfsmenn flyttist til Ísafjarðarbæjar og sinni samskonar vinnuframlagi þar.

Stjórn HSV tók vel í þá hugmynd og hefur unnið drög að samstarfssamningi í samvinnu við Ísafjarðarbæ, að því loknu voru formenn allra félaga kallaðir á fund með framkvæmdastjóra og formanni og höfðu þar allir tækifæri til að skoða samninginn vel og koma með athugasemdir, vel var tekið í athugasemdir og því breytt sem bent var á.

Formannafundurinn var svo haldinn með það að markmiði að íþróttahreyfingin hefi tækifæri til að ræða sín á milli og veita í framhaldi stjórn HSV heimild til að vinna málið áfram.

Umræður á fundinum voru gagnlegar og góðar, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs var gestur á fundinum og var til svara þeim spurningum sem formenn höfðu.

Engar sérstakar athugasemdir um samninginn sem slíkan voru ræddar, en íbúðamál og upphæðir styrkja sem tilgreindar eru í samningi eru atriði sem stjórn HSV var beðin um að skoða betur í samstarfi við Ísafjarðarbæ.

2. Önnur mál

Nýlega hafa verið samþykktar nýjar umgengnisreglur um íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar í íþróttat- og tómstundaneftnd, gefa reglurnar svigrúm til þess að veita iðkendum aðgengi að íþróttamannvirkjum sé svigrúm til gegn því að skila inn yfirlýstu samþykku. Guðfinna og Þórir komu því á framfæri á fundinum að þau fögnuðu þessu skrefi og sjái marga möguleika með framhaldið.

Dagný hvetur forsvarsmenn íþróttafélaga til að sækja ráðstefnuna „Vinnum gullið“ sem fer fram í Hörpunni mánudaginn 20. nóvember.



Formannafundur

Dagný segir frá fundi með Valdimari Gunnarssyni vegna verkefnisins „Allir með“, Valdimar hélt kynningu á verkefninu í vallarhúsinu, fáir sóttu fundinn en hann skilaði hins vegar góðri niðurstöðu, Þórir Guðmundsson formaður yngri flokka Körfuknattleiksdeildar Vestra verður í sambandi við Valdimar og ætlar að prufukeyra verkefni hér á Ísafirði.

Dagný minnir á að opnað hefur verið fyrir umsóknir í afreksmannasjóð og þjálfarasjóð, hvetur formenn til að láta vita í sínum félögum.